

**Nd.**

**157. Nefndarátt**

um tillögu til þál. um aukna landhelgisgæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að hlynna beri svo sem unt er að þeim efnilega visi til smábátaútsvegs, sem hin síðustu ár hefir verið að myndast hjer í Reykjavík og nágrenni hennar.

Er þessa því fremur þörf nú, þegar allar horfur eru á því, að markaður fyrir nýjan fisk aukist að miklum mun þegar hið nýja frystihús tekur til starfa.

Þess má því vænta, að útvegur þessi geti staðið straum af mörgu fólki, og telur nefndin því rjett, að honum sje veitt sú vernd, sem unt er, með gæslu fiskimiðanna, sem honum eru hentust.

Þá er ennfremur líklegt, að gæslubátur gæti oft orðið að liði hinum minni vjelbátum, sjerstaklega opnu bátunum, sem stunda veiðar hjer í flóanum, og yrði hjer því samfara björgunarstarfsemi og landhelgisgæsla, sem bátunum væri mikill styrkur að.

Nefndinni þykir þó ekki nauðsynlegt að einskorða svo gæsluna sem gert er í tillögunni, hvorki að því er gæslusvæði nje gæslutímabil snertir, en vill þó geta þess að því er hið síðara snertir, að hún telur, að eftir því sem

nú er ástatt sje mest þörf á gæslu á því svæði, er hjer um ræðir, frá miðjum júlí til loka nóvember ár hvert.

Nú er það vitað, að sjerstök landhelgisgæsla hefir átt sjer stað undanfarin ár í Faxaflóa utanverðum, og vill nefndin taka það fram, að þótt hún fallist á að heimila ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, er með þarf til þess að verja smábátamiðin í innanverðum flóanum fyrir ágangi togara, telur hún, að þær ráðstafanir megi ekki verða til þess að draga úr þeirri sjerstöku landhelgisvörn, sem hingað til hefir verið haldið uppi við sunnanverðan Faxaflóa.

Samkvæmt framansögðu vill nefndin leggja það til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að auka landhelgisgæsluna við innanverðan Faxaflóa á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjer-gæslu, er verið hefir í sunnanverðum flóanum.

Alþingi, 19. mars 1929.

Sveinn Ólafsson,	Sigurjón Á. Ólafsson,	Ólafur Thors.
form.	fundaskr.	
Magnús Torfason.	Jóhann P. Jósefsson.	frsm.